

**Ákvörðun um upptöku
tímabundins landamæraeftirlits á innri landamærum Schengen svæðisins.**

Dóms- og kirkjumálaráðherra gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið að tímabundið landamæraeftirlit á innri landamærum Schengen-svæðisins fari fram í Flugstöð Leifs Eiríkssonar frá 5. mars 2009 til og með 7. mars 2009. Ákvörðun þessi er tekin í samræmi við 29. gr. reglugerðar nr. 1212/2007 um för yfir landamæri. Miðað er við að ákvörðunin taki þegar gildi og hefur hún verði sérstaklega tilkynnt hlutaðeigandi yfirvöldum.

Því hef ég sent svohljóðandi yfirlýsingu til aðalskrifstofu ráðherraráðs Evrópusambandsins:

**Yfirlýsing í samræmi við ákvæði II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og Ráðherraráðsins
nr. 562/2006 um landamæri.**

Auknar öryggiskröfur í tilefni sérstakrar ógnunar gegn allsherjarreglu og þjóðaröryggi, í tilefni atburðar sem áætlað er að muni eiga sér stað laugardaginn 7. mars nk., hafa leitt til þess að íslenska ríkisstjórnin hefur ákveðið að taka upp tímabundið landamæraeftirlit á innri landamærum, í samræmi við ákvæði II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og Ráðherraráðsins nr. 562/2006 um landamæri, nánar tiltekið 25. gr.

Frá 5. mars til og með 7. mars 2009, mun landamæraeftirlit, í samræmi við ofangreint tilefni, eiga sér stað á Keflavíkurflugvelli. Umfang og tímabil landamæraeftirlitsins mun, í samræmi við nefnda reglugerð um landamæri, takmarkað eftir þörfum. Eftirlitið mun eiga sér stað á ákveðnum tímum innan tímabilsins og mun einungis ná til komuflugs á Keflavíkurflugvöll, í samræmi við væntanlegar ferðaleiðir þeirra hópa sem hér um ræðir.

Upptaka tímabundins landamæraeftirlits mun sérstaklega koma í veg fyrir væntanlega komu ákveðins hættulegs hóps frá og um nágrannalönd Íslands í Evrópu.

Dómsmálaráðherra hefur, samhliða þessar yfirlýsingu, tilkynnt ákvörðunina til skrifstofu Ráðherraráðs Evrópusambandsins, forseta Framkvæmdastjórnarinnar og öðrum ríkjum Schengen samstarfsins.

Dómsmálaráðherra og stjórnvöld er bera ábyrgð á landamæraeftirliti munu einnig tilkynna viðeigandi stjórnvöldum landamæra ákveðinna Schengen ríkja, til að tryggja að landamæraeftirlit að ofangreindu tilefni eigi sér stað á sem skilvirkastan hátt. Engra almennra aðgerða er óskað af öðrum Schengen ríkjum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 5. mars 2009.